



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 7/2014

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion banka
2. Arion banka hf. fyrir hönd Eftirlaunasjóðs FÍA, Frjálsa lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs Rangæinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.
3. Íslandsbanka hf.
4. Valitor hf.

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 7/2014 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Arion banki fyrir hönd Eftirlaunastjóðs FÍA, Frjálsa lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs Rangæinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	Almenn umsögn	Að mati lífeyrissjóðanna tekur umræðuskjalið ekki mið af því að tilmælin eiga að gilda um lífeyrissjóði. Í fyrsta lagi er öll umfjöllun miðuð við fjármálafyrirtæki. Í öðru lagi eru ákvæði um upplýsingaöflun ekki sniðin að starfsemi lífeyrissjóða. Þannig er almennt talið að lítil hætta á peningabætti felist í starfsemi lífeyrissjóða þar sem iðgjöld eru skyldubundin og auk þess dregin af launum. ¹ Þannig er eðlilegt að gerðar séu minni kröfur til áreiðanleikakönnunar lífeyrissjóða en fjármálafyrirtækja, sbr. t.d. Danmörk þar sem yfirhöfuð er ekki talið nauðsynlegt að lífeyrissjóðir framkvæmi áreiðanleikakannanir á viðskiptavinum sínum.
2	Arion banki hf.	Almenn umsögn	Telur bankinn rétt að Fjármálaeftirlitið skoði hvort heimila eigi að gerðar séu minni kröfur til upplýsingaöflunar þegar um einstök viðskipti er að ræða sé lítil hætta talin á peningabætti, t.d. viðskipti ferðamanna. Þannig má velja upp hvort óþarfi sé að óska eftir upplýsingum um starf ferðamanna sem skipta gjaldeyri yfir tilgreindum fjárhæðarmörkum.
3	Valitor hf.	Almenn umsögn	Að mati Valitor tekur umræðuskjalið ekki tilhlýðlegt mið af því að tilmælin eiga að gilda um aðra tilkynningaskylda aðila en fjármálafyrirtæki. Jafnframt má nefna að tilmælin virðast ítrekað gera ráð fyrir að stunduð sé viðskiptabankastarfsemi og eða að tekið sé við greiðslu í hvert sinn. Valitor telur að tilkynningarskyldir aðilar eigi í fleiri tegundum af viðskiptum sem heyra undir lögin og eftir atvikum tilmælin. Loks megi oftara hafa í huga að viðskiptavinir geti verið erlendir aðilar. Lengi megi því gott bæta.
4	Íslandsbanki hf.	6	Vantar nánari skilgreiningu á því hvað eru einstök viðskipti og dæmi þar um, sbr. einnig 8. liður.
5	Íslandsbanki hf.	7	Hér þykir okkur verið að ganga lengra en lögin gera kröfu um. Verið er að mælast til þess að afla sé persónuskilríkja í einstökum viðskiptum þrátt fyrir að viðmiðunarupphæð (15000EUR) sé ekki náð. Vantar nánari leiðbeiningar hvernig þetta mat á að fara fram, á því hvort afla eigi skilríkjanna eða ekki.
6	Íslandsbanki hf.	8	Hér er eilítið óljóst hvort að nafn skrá þurfi nafn lögráðamanns í öllum tilvikum eða eingöngu þegar viðmiðunarupphæð b – liðar 4. gr. er náð.

¹ Sjá h-lið skýringa við tilmæli FATF nr. 10 (bls. 64) og ákvæði 1 c í Annex II við 4. tilskipun Evrópusambandsins varðandi aðgerðir gegn peningabætti.

7	Arion hf. og Arion fyrir hönd Eftirlaunasjóðs FÍA, Frjálsa lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs Rangæinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	12	<p>Í 12. og 13. tl. umræðuskjalsins, sem fjalla um upplýsingaöflun, er vísað til persónuskilríkja. Í samræmi við alþjóðlega framkvæmd telja lífeyrissjóðirnir rétt að litið sé á framvísun skilríkja sem staðfestingu á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann (e. verification) en ekki sem hluta af upplýsingaöflun um viðskiptamann (e. identification). Þannig gerir t.d. BIS ráð fyrir að skilríki séu notuð til að staðfesta upplýsingar. Slíkt er einnig í betra samræmi við orðalag 5. gr. laga nr. 64/2006 þar sem fram kemur að viðskiptavinur „sanni á sér deili“ með framvísun skilríkis. Til samræmis við framangreint leggja lífeyrissjóðirnir til að umfjöllun um skilríki verði færð úr 12. og 13. tl. í 14. tl. sem gæti þá verið svo hljóðandi:</p> <p><i>„Tilkynningarskyldur aðili skal kanna áreiðanleika upplýsinga sem einstaklingur veitir við upphaf viðskipta með skoðun viðurkenndra persónuskilríkja auk a.m.k. einni að eftirfarandi aðferðum:“</i></p> <p>Jafnframt telja lífeyrissjóðirnir að geti viðskiptavinur framvísað viðurkenndu skilríki eigi almennt ekki að þurfa að afla frekari staðfestingar á upplýsingum. Það er til samræmis við leiðbeiningar BIS. Til samræmis við framangreint leggja lífeyrissjóðirnir til að 14. tl. verði svo hljóðandi:</p> <p><i>„Tilkynningarskyldur aðili skal kanna áreiðanleika upplýsinga sem einstaklingur veitir við upphaf viðskipta með skoðun viðurkenndra persónuskilríkja. Ef viðskiptavinur getur ekki framvísað viðurkenndu skilríki skal staðfesta áreiðanleika upplýsinga með a.m.k. einni að eftirfarandi aðferðum:“</i></p>
8	Valitor hf.	12	<p>12. og 13. tl. umræðuskjalsins, sem fjalla um upplýsingaöflun, vísa til persónuskilríkja sem hluta af upplýsingaöflun. Valitor telur réttara að vísa til þeirra sem hluta að könnun áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavina, sbr. alþjóðlega framkvæmd og væri í samræmi við hugtakanotkun laga nr. 64/2006. Er því lagt til að umfjöllun um skilríki verði færð í 14. tl.</p>
9	Arion hf. og Arion fyrir hönd Eftirlaunasjóðs FÍA, Frjálsa lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs Rangæinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka	13	Sjá umsögn um 12. tl.

	Íslands hf.		
10	Valitor hf.	13	12. og 13. tl. umræðiskjalsins, sem fjalla um upplýsingaöflun, vísa til persónuskilríkja sem hluta af upplýsingaöflun. Valitor telur réttara að vísa til þeirra sem hluta að könnun áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavina, sbr. alþjóðlega framkvæmd og væri í samræmi við hugtakanotkun laga nr. 64/2006. Er því lagt til að umfjöllun um skilríki verði færð í 14. tl.
11	Arion hf.og Arion fyrir hönd Eftirlaunasjóðs FÍA, Frjálsa lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs Rangæinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	14	Sjá umsögn um 12. tl.
12	Valitor hf.	14	14. tl. umræðuskjalsins, að teknu tilliti til framangreinds, ætti því ekki að krefjast frekari aðgerða við könnun áreiðanleika upplýsinganna hafi viðskiptavinur framvísað skilríki.
13	Íslandsbanki hf.	15	Nægir að viðskiptavinur framvísi gildum skilríkjum í upphafi samningssambands og þau renni svo út, þarf viðkomandi þá að sanna á sér deili aftur með öðrum gildum skilríkjum eða nægir að það sé gert í upphafi. T.d. ef viðskiptavinur kemur með vegabréf sem rennur svo út viku síðar, nægir að hafa þetta skilríki vistað undir viðskiptamanni í x-langan tíma eða þarf hann að koma með nýtt skilríki um leið og hitt rennur út? Þyrfti að vera skýrari reglur um þetta. Hvort að heimilt sé að skilríki renni út á viðskipta-tímanum, svo lengi sem hægt sé að auðkenna viðskiptamann á því.
14	Valitor hf.	19	19. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um upplýsingaöflun, vísar til vottorðs úr fyrirtækjaskrá skattstjóra og telur Valitor að slíkt eða sambærilegt vottorð eigi betur heima sem könnun á áreiðanleika upplýsinga í 20. tl. Sama gildir um ársreikninga skv. 19. tl. Jafnframt er það mat Valitor að tilmælin eigi að veita svigrúm til þess að framangreindar upplýsingar séu sóttar beint úr viðurkenndum gagnagrunni, sem sækir þær upplýsingar beint úr opinberum skrá. Slíkt sé ekki aðeins sambærileg heldur ef eitthvað öruggari leið til að kanna áreiðanleika upplýsinga. Lagt er til að orðalagi verði breytt til að endurspeglar framangreint.

15	Arion hf.	19	<p>Í 19. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um upplýsingaöflun, er vísað til vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Að mati bankans er uppfletting á lögaðila í gagnagrunni sem sækir upplýsingar beint til ríkisskattstjóra að öllu leyti sambærileg við slíkt vottorðs, s.s. uppfletting í gagnagrunni Creditinfo. Leggur bankinn því til að tilvísun 19. tl. til vottorðsins verði svo hljóðandi:</p> <p><i>„Vottorð úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum. Nægjanlegt er þó að afla sambærilegra upplýsinga úr viðurkenndum gagnagrunnum sem sækja upplýsingar í slíka opinbera skrá. Mælt er til þess að vottorðið sé ekki eldra en þriggja mánaða.“</i></p> <p>Þá má jafnframt benda á að í raun væri það í betra samræmi við orðalag 5. gr. laga nr. 64/2006 að fjallað væri um öflun vottorðs úr fyrirtækjaskrá í 20. tl. í stað 19. tl., þ.e. litið væri á vottorðið sem staðfestingu á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann (e. verification) en ekki hluta af upplýsingaöflun um viðskiptamann (e. identification). Þannig gerir orðalag 5. gr. laganna ráð fyrir að lögaðili „sanni á sér deili“ með framlagningu slíks vottorðs. Gæti þá tilvísun til vottorðsins verið fyrsti punktur 20. tl. umræðuskjalsins. Í stað tilvísunar til vottorðs í 19. tl. kæmi þá jafnframt krafa um að aflað væri upplýsinga um nafn, heimilisfang og kennitölu. Í því sambandi má benda á að vottorð um tilvist félagsins ætti almennt að vera nægjanleg staðfesting á tilvist viðskiptavinar og hver hann sé.</p> <p>Í 19. tl. umræðuskjalsins er gerð krafa um að tilkynningarskyldir aðilar afli ársreiknings lögaðila. Í samræmi við alþjóðlega framkvæmd telur bankinn rétt að litið sé á öflun ársreiknings sem staðfestingu á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann (e. verification) en ekki hluta af upplýsingaöflun um viðskiptamann (e. identification). Þannig gerir t.d. BIS ráð fyrir að ársreikningur sé notaður til að staðfesta upplýsingar. Til samræmis við framangreint leggur bankinn til að umfjöllun um ársreikning verði færð úr 19. tl. í 20. tl., sem einn af möguleikum til að sannreyna upplýsingar um viðskiptamann.</p> <p>Þá má benda á að misræmis virðist gæta milli 19. og 30. tl. umræðuskjalsins. Þannig er gerð krafa um að ávalt skuli afla samþykkt lögaðila við áreiðanleikakönnun skv. 19. tl. en samkvæmt 30. tl. er gert ráð fyrir að nota samþykktir við viðbótar upplýsingaöflun í sérstökum tilfellum. Leggur bankinn því til að tilvísun til samþykkt verði tekin úr 19. tl.</p>
----	-----------	----	--

16	Valitor hf.	21	<p>21. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um hverjir skuli sanna á sér deili fyrir hönd lögaðila, vísar til þess að skylt sé að þeir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar gagnvart fjármálafyrirtæki. Telur Valitor nauðsynlegt að við áhættulítil viðskipti verði tilkynningarskyldum aðilum ekki gert að sanna deili og kanna áreiðanleika upplýsinga margra einstakling fyrir hönd lögaðila heldur taki tilmælin mið af alþjóðlegri framkvæmd og t.d. leiðbeiningum JMLSG hvar talið er fullnægjandi að tilkynningarskyldur aðili láti sanna deili og kanni áreiðanleika eins (1) einstaklings sem kemur fram fyrir hans hönd (stjórnamaður, framkvæmdastjóri eða prókúruhafi). Valitor metur slíkt vera í samræmi við b. lið 5. gr. laga nr. 64/2006. Telur félagið að ekki þurfi að túlka ákvæði greinarinnar þannig að allir sem hafi þær heimildir sem þar eru taldar upp þurfi að sanna á sér deili. Heldur sé kveðið á um að sá, eða eftir atvikum þeir, prókúruhafar, framkvæmdastjóri eða stjórnarmenn sem hafa leyfi til að koma fram fyrir lögaðilann og koma fram til að skuldbinda lögaðilann í viðskiptin í viðkomandi sinn, sá eða þeir verði látnir sanna á sér deili. Tilkynningarskyldir aðilar geti svo ákveðið að biðja um fleiri en þurfi þess ekki. Slíkt sé jafnframt í samræmi við umsögn í greinagerð hvar segir um 5. gr. að „Prókúruhafar skulu sanna deili á sér með sama hætti og einstaklingar sanna á sér deili og sýna fram á að þeir hafi heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðila.“ Metur Valitor mikilvægt að tilmælin innihaldi ekki þrengri skýringu laganna en nauðsynlegt er hverju sinni, umfram áður nefnda alþjóðlega framkvæmd.</p>
17	Valitor hf.	23	<p>23. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um erlenda lögaðila, er lagt til að töluliðnum verði breytt þannig að hann endurspegli betur hugtakanotkun við alþjóðlega framkvæmd og verði:</p> <p>„Í tilviki erlendra lögaðila er mælt til þess að afla sé vottorðs úr sambærilegri opinberri skrá og fyrirtækjaskrá skattstjóra sem veitir sambærilegar upplýsingar um hinn erlenda lögaðila, eða frá viðurkenndum gagnagrunnum sem sækja þær upplýsingar úr opinberum skrá.“</p>
18	Íslandsbanki hf.	24	<p>Vantar nánari vísun í hvað er verið að meina með ..“sambærilegum hætti og um lögaðila sé að ræða.“ Þetta eru allt lögaðilar, er verið að meina að áreiðanleikakönnun skuli fara fram líkt og talið er upp í lið 19-21?</p>
19	Íslandsbanki hf.	27	<p>Talað er um að grípa eigi til sanngjarna ráðstafana til að afla fullnægjandi upplýsinga. Þarf tilkynningarskyldur aðili að sýna fram á hvernig þetta sjálfstæða mat fer fram þ.e. þarf að skrá það ferli og þau gögn sérstaklega.</p>

20	Valitor hf.	28	28. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um raunverulegan eiganda, er lagt til að bætt verði við töluliðinn til skýringar vegna hugsanlegra erlendra raunverulegra eigenda þannig að hann verði: <i>„Með fullnægjandi upplýsingum um raunverulegan eiganda í skilningi framangreinds er átt við að aflað sé nafns og kennitölu viðkomandi sé hún fyrir hendi í tilviki erlends aðila.“</i>
21	Íslandsbanki hf.	30	Vantar nánari leiðbeiningar hvernig finna skal raunverulegan eiganda í félagasamtökum og góðgerðarfélögum þ.e. öðrum en hlutafélögum. Skal líta til þess að stjórn sé raunverulegur eigandi eða sá sem veitir fjármagn til starfseminarinnar.
22	Valitor hf.	35	35. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um viðskiptamenn sem lúta einfaldaðri könnun á áreiðanleika, er lagt til að dótturfélögum slíkra félaga verði bætt við ákvæðið í samræmi við alþjóðlega framkvæmd.
23	Arion hf.	35	Í 35. tl. kemur fram að beita megi einfaldaðri áreiðanleikakönnun þegar staðfest er að viðskiptavinur er félag sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði. Að mati bankans ættu dótturfélög slíkra félaga einnig að falla undir ákvæðið en slíkt er í samræmi við tilmæli FATF. ² Í samræmi við framangreint leggur bankinn til að 35. tl. verði svo hljóðandi: <i>„Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir, og dótturfélög slíkra félaga.“</i>
24	Íslandsbanki hf.	43	Mætti koma skýrar fram hvort hér sé átt við ábyrgðarmann aðgerða gegn peningaþvætti. Getur yfirmaður, hópstjóri tekið þessa ákvörðun?

² Sjá c-lið skýringa við tilmæli FATF nr. 10 (bls. 61).

25	Valitor hf.	44	44. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um að sannreyna uppruna fjármuna vegna viðskipta við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, metur Valitor svo að þar geti fleiri viðskipti átt við og fallið undir, önnur en þau þar sem viðeigandi er að sannreyna upprunafjármuna sem notaðir eru í slíku viðskiptasambandi. Dæmi, slíkur einstaklingur er prókúruhafi lögaðila sem óskar eftir að komast í færsluhirðingu hjá tilkynningaskyldum aðila. Engir fjármunir viðkomandi einstaklings, eða lögaðilans, yrðu almennt notaðir í viðskiptasambandinu. Valitor telur að víkka megi orðalag ákvæðisins og hugsanlega notast við viðbót eins og „...eftir sem við á“ eða „...sé um slík viðskipti að ræða“ í ákvæðið.
26	Íslandsbanki hf.	57	Almennt hefur verið álitid að gera þurfi strangari kröfur til félagasamtaka og áhugamannafélaga þar sem þau líta ekki sérstöku eftirliti? Telur FME þessi félagaform ekki til aukinnar áhættu sbr. bullet 3 í lið 67.
27	Íslandsbanki hf.	72	Í 72. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um upplýsingaöflun á grundvelli áhættumats, er fjallað um aukna upplýsingaöflun ef áhættumat leiðir í ljós aukna áhættu á peningþvætti vegna tiltekins viðskiptamanns. Lífeyrissjóðirnir gera ráð fyrir að ekki sé ætlunin að gera kröfu um að grípa þurfi til allra þeirra ráðstafana sem þar eru taldar upp. Leggja lífeyrissjóðirnir til að orðalag ákvæðisins verði breytt til samræmis við það.
28	Valitor hf.	72	72. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um upplýsingaöflun á grundvelli áhættumats, fjallar um aukna upplýsingaöflun ef áhættumat leiðir í ljós aukna hættu, Valitor gerir ráð fyrir að ekki sé ætlun að grípa þurfi til allra þeirra ráðstafana og leggur til að orðalag ákvæðis verði breytt í samræmi.
29	Arion hf.	72	Í 72. tl. umræðuskjalsins, sem fjallar um upplýsingaöflun á grundvelli áhættumats, er fjallað um aukna upplýsingaöflun ef áhættumat leiðir í ljós aukna áhættu á peningþvætti vegna tiltekins viðskiptamanns. Bankinn gerir ráð fyrir að ekki sé ætlunin að gera kröfu um að grípa þurfi til allra þeirra ráðstafana sem þar eru taldar upp. Leggur bankinn til að orðalag ákvæðisins verði breytt til samræmis við það
30	Íslandsbanki hf.	87	Stærð og umfangi tilkynningarskylds aðila væntanlega en ekki ábyrgðarmanns sjálfs.
31	Íslandsbanki hf.	90	Mætti koma skýrar fram hvernig „viðeigandi ráðstafanir til að viðhalda þekkingu“ eiga að vera. Tilkynningarskyldur aðili þarf að gefa svigrúm til að hægt sé að viðhalda þekkingu s.s. með fjármagni.

